



Skólaráðsfundur 16.febrúar 2017

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir, fulltrúi kennara, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný L. Lárusdóttir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Garðar Ingi Róbertsson formaður nemendafélags skólans, Veigar Páll Alexandersson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari), Hallveig Fróðadóttir kennari boðaði forföll.

1. Byrjað var á því að heimsækja nemendaráð þar sem Garðar Ingi, formaður nemendaráðs, og Veigar Páll, varaformaður, kynntu starf nemendaráðs í vetur. Mikið að gerast hjá þeim og starfið hefur gengið vel þrátt fyrir mikinn fjölda. Eftir kynninguna og nokkrar spurningar skólaráðs til Garðars og Veigars Páls hófst hefðbundin fundur skólaráðs.
2. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, kynnti niðurstöður frá viðhorfskönnun sem var lögð fyrir foreldra í 3., 6. og 9. bekk í kjölfar samskiptadegi í janúar. Síðustu ár hafa foreldrar svarað viðhorfskönnuninni eftir viðtal á sal skólans en nú var tengill sendur heim til foreldra. Þótti það takast ágætlega en svörun hefur samt verið betri þegar svarað er í skólanum svo við ætlum að hafa það þannig framvegis. Niðurstöður kannananna voru mjög góðar.
3. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti væntanlega þemadaga í lok febrúar og skipulag þeirra.
4. Ásgerður sagði einnig frá því að undirbúningur fyrir árs hátíð skólans væri hafinn
5. Ásgerður sagði frá væntanlegum lýðræðisfundum nemenda með Skólamat sem verða 3. mars. Í framhaldi af því var rætt um hugmyndir okkar um að prófa sjálfskömmun hjá nemendum og hvernig við vinnum gegn matarsóun.
6. Rætt um að nemendur í 7. bekk eru á Reykjum þessa viku og það gengur mjög vel.
7. Guðný Karlsdóttir kynnti breytt fyrirkomulag á samræmdum prófum sem eru núna í mars hjá nemendum í 9. og 10. bekk.
8. Ásgerður sagði frá samstarfsverkefni kennara í Njarðvíkurskóla við kennara í Heiðarskóla um að vinna að því að allt námsmat sé byggt á hæfni nemenda og unnið í nýju útgáfu Mentors.
9. Önnur mál:
 - a. Lilja Stefánsdóttir, formaður foreldrafélagsins, minnti á fyrirlestur frá Vöndu Sigurgeirsdóttur, sem er á vegum FFGÍR

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri